

Frá: Mikael Jóhann Traustason <mikael.traustason@borgarlinan.is>

Sent: miðvikudagur, 30. apríl 2025 16:01

Til: Erla Arnardóttir <erla.arnardottir@urn.is>

Afrit: Atli Björn Levy <atli.b.levy@borgarlinan.is>

Efni: Borgarlínan-Fossvogsbrú-BL170-CON-PMO-LE-20250430_Hávaðamengun framkvæmda_Undanþága

You don't often get email from mikael.traustason@borgarlinan.is. [Learn why this is important](#)
Sæl

Hér meðfylgjandi er beiðni um undanþágu skv. **1. mgr. 41. gr. laga nr. 7/1998** um hollustuhætti og mengunarvarnir frá Umhverfissráðuneytinu. Á við **5. gr. Mengunarvarnir lið 15.** hávaða og titring þar sem fram koma viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.

Sjá meðfylgjandi beiðni BL170-CON-PMO-LE-20250430_Hávaðamengun framkvæmda_Undanþága

Best regards,

Mikael Jóhann Traustason

Construction manager

+354 6173737



BETRI SAMGÖNGUR



Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti
Borgartúni 26
B.t. Erlu Arnardóttur

Reykjavík 30. apríl 2026

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar, Kópavogs, Garðabæjar, Seltjarnarnes og Mosfellsbæjar um undanþágubeiðni frá 9. gr. rg. um hávaða.

Vísað er í tölvupóst dags. 20. apríl s.l. þar sem Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið óskar eftir umsögn Heilbrigðisnefnda Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, Kópavogs, Garðabæjar, Seltjarnarnes og Mosfellsbæjar um beiðni um Betri Samgangna ehf. um undanþágu frá 9. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Kópavogs, Garðabæjar, Seltjarnarnes og Mosfellsbæjar (HEF), fyrir hönd viðkomandi heilbrigðisnefnda, hafa rýnt gögn málsins og veita eftirfarandi sameiginlega umsögn.

Framkvæmdaaðili hefur rökstutt þá þörf að framkvæmdir fari fram á nóttunni þar sem rekstraraðili Reykjavíkurflugvallar hefur farið fram á að rekstur flugvallarins verði ekki skertur á framkvæmdatíma.

Níunda grein reglugerðar um hávaða fjallar um framkvæmdir og er tiltekið að takmarka skuli hávaða vegna framkvæmda sem tilgreindar eru í töflu IV í viðauka við þau tímamörk sem þar eru tilgreind. Í erindinu er sótt um undanþágu frá tímamörkum vegna háværra framkvæmda að nóttu til.

Fram kemur í erindinu að framkvæmdaaðili hefur sett upp hávaðamæla á Kársnesi og við Naustavör 60 í þeim tilgangi að safna gögnum um hávaða, bæði grunngildi og áhrif af völdum framkvæmdanna.

Að mati heilbrigðiseftirlitanna eru líkur á að framkvæmdin valdi hávaðaónæði sem muni hafa áhrif á íbúar í nágrenninu. Full ástæða er til að hafa áhyggjur af áhrifum þessa á svefn og hvíld íbúa og þar með heilsu þeirra. Búast má við að ákveðnir verkþættir flokkist sem sérstaklega háværar framkvæmdir sem eru skv. ofangreindri töflu aðeins leyfilegir á virkum dögum milli 07:00 og 19:00. Ekki er hægt að segja til um hversu mikill hávaðinn og þar með áhrifin verða og getur það einungis komið í ljós verði af framkvæmdinni.



Heilbrigðiseftirlitin benda á að mun æskilegra væri ef framkvæmdin færi fram á dagvinnutíma og vekur máls á því að reynt verði til þrautar að útfæra framkvæmdina og samstarf við rekstraraðila Reykjavíkurflugvallar þannig að stærri hluti verkefnisins fari fram innan tímamarka í reglugerðinni.

Einnig benda heilbrigðiseftirlitssvæðin á að æskilegra væri að hefja framkvæmdir að norðan verðu til að draga úr áhrifum í íbúðarbyggð í byrjun, þar sem mun fleiri íbúar eru nær framkvæmdasvæðinu að sunnan verðu, á meðan verið er að safna gögnum til að leggja mat á áhrif framkvæmdanna.

Verði undanþága veitt leggja heilbrigðiseftirlitssvæðin til að veitt verði tímabundin undanþága til loka maí. Á þeim tíma safni framkvæmdaaðili gögnum um hávaða með mælíbúnaði sínum og um kvartanir sem kunna að berast. Undir lok maí verði farið yfir gögn sem safnast og tekin afstaða til veitingar frekari undanþágu út frá gögnum og reynslu og hvort þörf sé á frekari mótvægisáðgerðum. Heilbrigðiseftirlitin leggja til að undanþágan verði bundin eftirfarandi skilyrðum

- Undanþága verði veitt tímabundið til loka maí eða bundin endurskoðun í lok maí.
- Framkvæmdaaðili skal standa að hávaðamælingum á framkvæmda tíma og ber að deila niðurstöðum þeirra með heilbrigðiseftirlitunum.
- Framkvæmdaaðili hafi ítarlegar upplýsingar um framkvæmdina og áhrif hennar, þar með talið hávaða og ónæði, á vefsíðu þar sem almenningur getur nálgast upplýsingarnar. Veita skal upplýsingar um framgang verksins, niðurstöður hávaðamælinga, tímalengd framkvæmdar, hvaða þættir hennar séu líklegir til að valda ónæði og hvenær unnið verði að þeim þáttum.
- Á vefsíðunni skal vera einföld og aðgengileg leið fyrir íbúa til að koma á framfæri kvörtunum og ábendingum vegna framkvæmdarinnar.
- Framkvæmdaaðili skal halda skrá yfir kvartanir og ábendingar sem honum berast svo og viðbrögð hans við því.

Verði undanþága veitt er mikilvægt að framkvæmdaraðili geri það sem hægt er til að draga úr áhrifum, að hávaði verði sem minnstur og verktími undir undanþágunni verði eins stuttur og mögulegt er.

Guðjón Ingi Eggertsson
Deildarstjóri umhverfiseftirlit
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Ríkharður Friðriksson
Deildarstjóri umhverfis- og mengunareftirlits
Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Kópavogs,
Garðabæjar, Seltjarnarnes og Mosfellsbæjar

2

